



Fjárlaganefnd Alþingis  
Haraldur Benediktsson formaður  
Amarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

Fjarðabyggð, 3.maí 2017

Fyrir hönd Fjarðabyggðar vill undirritaður benda á eftirfarandi:

Að óbreyttum fjárheimildum í fjárlögum til ofanflóðavarna verður í fyrsta lagi hægt að hefjast handa við framkvæmdir við ofanflóðavarnir undir Urðabotnum og Sniðgili í Norðfirði á árinu 2019. Slíkt staðfestir fjármálaáætlun ríkisstjórnar Íslands einnig.

Undirritaður vill því eins og í fyrri bréfum benda á mikilvægi áframhaldandi framkvæmda við ofanflóðamannvirki í Neskaupstað, Fjarðabyggð.

Ofanflóðasjóður hefur tekjur af árlegu gjaldi sem lagt er á brunatryggðar húseignir og nemur 0,3% af váttryggingarverðmæti, vaxtatekjum af eigin fé o.fl. Í sjóðnum í dag eru um 13 milljarðar kr., innstreymi nemur um 2,6 milljörðum kr. á ári og útstreymi til ofanflóðaverkefna um 1,3 milljarði kr. á ári. Ljóst er því að fjármagn safnast upp í sjóðnum, á meðan brýn lögbundin verkefni er varða **öryggi og eignir fólks bíða.**

Nokkur rök eru fyrir því að stöðva ekki framkvæmdir nú:

- a) Fjármunir ofanflóðasjóðs eru sérstaklega innheimtir til að standa straum af uppbyggingu ofanflóðavarna í landinu. Hér er því ekki um almennan tekjustofn að ræða fyrir ríkissjóð.
- b) Nægt fé er til staðar í Ofanflóðasjóði til að sinna lögbundnum verkefnum sjóðsins og halda brýnum verkefnum áfram. Um 350 - 400 millj. kr. vantar úr Ofanflóðasjóði til fjárlaga svo að halda megi ofanflóðaverkefnum áfram í Neskaupstað.
- c) Rétt er að minna á að þegar framkvæmdir hófust við snjóflóðavarnir í Dranga- og Tröllagili í Neskaupstað var ákveðið að varnargarðar ofan byggðar í Neskaupstað skyldu reistir í samfellu. Framkvæmdum við Drangagil lauk árið 2002 og við Tröllagil á árinu 2016. Framkvæmdir við Urðabotna og Sniðgil eru nú í hönnunarferli og umhverfismati er lokið.



- d) Óþarfa hlé á milli framkvæmda getur haft aukinn kostnað í för með sér. Á Norðfirðum fara um þessar mundir fram umfangsmiklar framkvæmdir á vegum ríkisins og sveitarfélagsins, s.s. vegna Norðfjarðarganga og hafnargerðar.
- e) Á meðan stórir verktakar eru á staðnum, er tækifæri til staðar að bjóða umfangsmikil verkefni út og ná hagkvæmum samningum.

Það yrðu bæjarfélaginu og íbúum þess veruleg vonbrigði ef framkvæmdir við ofanflóðamannvirki stöðvast um óákveðinn tíma í Neskaupstað; framkvæmdir sem fjármagn er til fyrir og snýr að miklum öryggishagsmunum íbúa í Neskaupstað og í Fjarðabyggð auk þess sem á staðnum er öflugt atvinnulíf og mikilvægar stofnanir fyrir Austfirðina alla, sem dæmi Umdæmissjúkrahús og Verkmenntaskóli, svo fátt eitt sé nefnt.

Virðingarfyllst,  
  
Páll Björgvin Guðmundsson,  
bæjarstjóri Fjarðabyggðar  
